

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra

1. kafli Almenn atriði

1. grein Markmið og markhópur

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra nr. 155/1995 þá skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stig fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Markmið þjónustunnar er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

2. grein Skipulag þjónustunnar

Akureyrarbær sér um framkvæmd þjónustunnar á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks í Eyjafirði á grundvelli samnings milli sveitarfélaganna Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkhrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps. Allir íbúar á samningssvæðinu eiga jafnan rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar sér til þess, eins og hægt er hverju sinni, að alltaf séu fjölskyldur til reiðu sem stuðningsfjölskyldur. Við ráðningu stuðningsfjölskyldna er ávallt krafist læknis- og sakavottorðs, sbr. 32. gr. laga nr. 59/1992 Hagir fjölskyldunnar eru kannaðir með heimsóknnum og viðtölum. Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu.

Dvöl miðast við sólahringsþjónustu og er að hámarki 5 sólahringar í mánuði.

Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtí mavistunar.

2.kafli Umsóknir

4. grein Ferli umsókna

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu sækja um það á Fjölskyldudeild á þar til gerðum eyðublöðum þar sem fram kemur aldur og fötlun barns, fjölskylduaðstæður o.s.frv. Umsókn skal berast Fjölskyldudeild þar sem erindið er skráð og ákveðið

hvaða starfsmaður ber ábyrgð á málinu. Að öllu jöfnu er umsækjandi boðaður í viðtal innan tveggja vikna.

5. grein

Afgreiðsla umsókna

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur eru afgreiddar á teymisfundum í félagsþjónustu. Lagt er mat á umsóknir, magn þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Þar er stuðst við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

- Börn með umönnunarmat frá 85% til 100% fá 2-6 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 1. fl. skv. reglugerð nr. 1205 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn með umönnunarmat frá 43% til 70% fá 2-4 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 2. fl. skv. reglugerð nr. 1205 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn með umönnunarmat frá 25% til 35 % fá 1-2 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 3. fl. skv. reglugerð nr. 1205 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu.

Tekið skal tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu ef hægt er.

6. grein

Kynning á ákvörðun

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst deildinni. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt þáð bréflega. Í synjunarbréfi skal bent á rétt til þess að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um áfrýjunarrétt.

7. grein

Framkvæmd þjónustunnar

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og Fjölskyldudeildar. Heimilt er að segja samningnum upp á samningstímabilinu með 3ja mánaða fyrirvara. Í samningnum kemur fram fjöldi sólahringa í mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila og verkefni stuðningsfjölskyldunnar. Samningur er endurnýjaður um áramót eða oft.

Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu þegar samningstímabil rennur út er sótt um áframhaldandi þjónustu eftir þörfum hverju sinni.

8. grein

Heimild vegna sérstakra aðstæðna

Heimilt er að gera samninga við foreldra fatlaðra barna þar sem upp koma sérstakar aðstæður, t.d. alvarleg veikindi, andlát eða erfiðar félagslegar aðstæður sem víkja frá reglum þessum.

3. kafli Málsmeðferð

9. grein Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

10. grein Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

11. grein Rangar eða villandi upplýsingar.

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

12. grein Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Framkvæmdastjóri Fjölskyldudeildar eða starfsmenn í umboði hans taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

13. grein Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til félagsmálaráðs Akureyrar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

14. grein Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla félagsmálaráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu

fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til félagsmálaráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjaráð.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. febrúar 2011.

Samþykkt í félagsmálaráði 6. febrúar 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn í 21. febrúar 2006.

Samþykkt í félagsmálaráði 5. janúar 2010

Samþykkt í bæjarstjórn 19. janúar 2010

Samþykkt í félagsmálaráði 12. janúar 2011

Samþykkt í bæjarstjórn 18. janúar 2011